



Alþingi
Erindi nr. P 128/1727
komudagur 18.3.2003

ÍSAFJARÐARBÆR

Alþingi
Félagsmálanefnd Alþingis
150 Reykjavík

Ísafirði, 13. mars 2003
Tilvísun: 2003020036
img/--

Efni: Svar við beiðni félagsmálanefndar Alþingis til forstöðumanns Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar og félagsmálanefndar Ísafjarðarbæjar um umsögn um tillögu til þingsályktunar um könnun á umfangi fátæktar. Þskj. 51 - 51. mál.

Félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar telur ástæðu til að fagna framkominni tillögu til þingsályktunar um könnun á umfangi fátæktar. Það er mat nefndarinnar að slíkt sé nauðsynlegt til þess að betur sé hægt að jafna kjör manna í landinu.

Hjá Ísafjarðarbæ hefur verið gert mikið átak í því að koma til móts við þá einstaklinga sem svo sannarlega þurfa á fjárhagsaðstoð að halda enda hefur sá fjöldi vaxið ár frá ári. Þegar síðustu tvö ár eru skoðuð með tilliti til umfangs fjárhagsaðstoðar hjá Ísafjarðarbæ kemur í ljós að árið 2001 fengu 51 einstaklingar fjárhagsaðstoð hjá Ísafjarðarbæ. Sá sem fékk lægstu bæturnar yfir árið fékk kr. 1.866,- en sá sem fékk hæstu bæturnar yfir árið fékk kr. 372.989,-. Aðstoðin var allt frá einum mánuði upp í tólf mánuði. Meðalaðstoð á mánuði var kr. 7.674,- og meðalaðstoð yfir árið var kr. 92.088,- en heildaraðstoð fyrir árið 2001 var kr. 4.696.484,-. Árið 2002 fengu 62 einstaklingar fjárhagsaðstoð hjá Ísafjarðarbæ, meðalfjöldi einstaklinga sem fengu aðstoð á mánuði voru 18, meðalaðstoð yfir árið var kr. 92.201,- og meðalaðstoð á mánuði var kr. 7.683,-. Heildarupphæð fjárhagsaðstoðar fyrir árið 2002 var kr. 5.716.465,- tekið skal þó fram að hér er ekki um staðfestar tölur að ræða þar sem ársyfirlit fjárhagsaðstoðar fyrir árið 2002 hefur ekki verið fullunnið. Þeir sem nutu aðstoðar þessi tvö ár komu frá flestum stigum þjóðfélagsins þó þörfin hafi verið einna mest hjá elli- og örorkulífeyrisþegum, atvinnulausum, láglaunafólki, einstæðum foreldrum og barnmörgum fjölskyldum.

Af þessu yfirliti má sjá að þrátt fyrir að meðalaðstoð á mánuði sé sú sama þá hefur fjöldi þeirra er óskað hafa eftir fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélaginu aukist um 11 einstaklinga á milli ára. Þessar tölur gefa til kynna að fleiri og fleiri fjölskyldur í sveitarfélaginu eru ekki að ná að sjá sér og sínum farborða á þeim tekjum er þau hafa í hverjum mánuði. Og er sorglegt til þess að vita að meira en 1% þeirra sem búa í sveitarfélaginu þurfi að leita eftir fjárhagsaðstoð félagsþjónustunnar til þess að framfleyta sér, hvort heldur það er í stuttan tíma eða allt árið.


SIJÓRNSYSLUHUSÍÐ
HAFNARSTRÆTI 1, PÓSTHÓLF 56, 400 ÍSAFJÖRDUR
KENNITALA: 540596-2639
SÍMI: 450 8000, FAX: 450 8008
BANKI 156-26-60

Þetta gefur til kynna að einhvers staðar sé galli í kerfinu. Því eins og vitað er þá eru það einungis þeir sem eru hvað allra verst staddir sem leita sér aðstoðar hjá félagsþjónustunni, og inn í þær tölur sem sveitarfélagið hefur vantar alla þá einstaklinga sem leita sér aðstoðar annars staðar eins og hjá ættingjum, vinum og/eða góðgerðarsamtökum svo eitthvað sé nefnt.

Það að svona stór hluti íbúa sveitarfélagsins þurfi að leita sér fjárhagsaðstoðar hjá félagsþjónustunni gefur til kynna að velferðarkerfi okkar eins og það er upp byggt í dag er ekki að koma til móts við þarfir einstaklinganna. Vert er að hafa í huga þá staðreynd að fjárhagsaðstoð sveitarfélaganna er síðasta hálmstráíð, vanalega eru þeir einstaklingar sem þangað leita þeir sem hafa leitað alls staðar annars staðar en öllum dyrum hefur verið lokað.

Það að lágmarksframfærslukostnaður eftir fjölskyldugerð verði skilgreindur gæti einnig aðstoðað sveitarfélögin við að samræma reglur sínar um fjárhagsaðstoð þannig að einstaklingar hvaðan af landinu sem er geti gengið að sömu þjónustunni, í stað þess að þeim sé ekki mismunað eftir búsetu.

Virðingarfyllt



Ingibjörg M Guðmundsdóttir

forstm. Skóla- og
fjölskylduskrifstofu